

Umhverfis- og Auðlindarráðuneytið
Skuggasundi 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2019

Efni: Drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð

Á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þann 18. desember, var óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð.

Landssamtök sauðfjárbænda (LS) hafa farið yfir frumvarps drögin og gera athugasemd um eftirfarandi:


Frumvarpið gerir ráð fyrir því að skipulagsvald sveitarfélaga verði skert verulega. Landssamtök sauðfjárbænda eru þessu mótfallin og telja mikilvægt að tryggt verði að skipulagsvald haldist hjá sveitarfélögum.

Fjallað er um hefðbundnar nytjar af landi í 10. grein frumvarpsins. Beit er samkvæmt því sem kemur fram í þessari grein heimil innan hálendisþjóðgarðs að uppfylltum skilyrðum í 2. gr. laganna og þeirra laga sem fjalla um nýtinguna og nýtingin skal einnig vera sjálfbær. Hvað varðar mat á sjálfbæri landnýtingu er í þessum frumvarpsdrögum vísað til ákvæða í 11. grein Landgræðslulaga (155/2018) varðandi skilgreiningu á sjálfbæri landnýtingu. Í Landgræðslulögum er sjálfbær landnýting ekki skilgreind heldur er Landgræðslunni falið að útfæra í reglugerð leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu. Þeirri vinnu er ekki lokið og í raun ekki hafið lögbundið samráð hvað þetta varðar við hagsmunaaðila. Það er mat Landssamtaka sauðfjárbænda að það sé ótímabært að festa í ný lög notkun á hugtakinu sjálfbærni þegar skilgreining á því liggur ekki skýrt fyrir.

Í greinagerð með reglugerðinni, þar sem fjallað er um 10. greinin, kemur fram að í reglugerð um hálendisþjóðgarðs verði hægt að skilgreina svæði sem rétt höfum sé heimilt að nýta. Með þessu móti yrði með setningu reglugerðar um hálendisþjóðgarð hægt að taka af bændum beitarrétt innan hans. Þessu fyrirkomulagi hafna Landssamtök sauðfjárbænda.

Landssamtök sauðfjárbænda leggjast gegn því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



Unnsteinn Snorri Snorrason
Framkvæmdastjóri